



Veruleg fjölgun blárra frumkvöðlafyrirtækja á áratug

Samkvæmt athugun Sjávarklasans hefur frumkvöðlafyrirtækjum í bláa hagkerfinu fjölgað um 150% á síðustu tíu árum. Árið 2012 var gerð taling á vegum Sjávarklasans á fjölda frumkvöðlafyrirtækja sem tengdust hafinu á einhvern hátt. Þá voru fyrirtækin um 60 talsins en nú eru þau orðin um 150. Hvernig starfsemi er þetta og hvað eigum við ennþá mikið inni?

Með frumkvöðlafyrirtæki (eða sprotafyrirtæki) er hér átt við fyrirtæki sem hyggst bjóða nýja vöru, tækni eða þjónustu á markaði, fyrirtæki sem nýtir sér breytta framleiðsluþætti eða horfir til nýrra markaða. Í samantekt Sjávarklasans var miðað við að fyrirtækin hafi starfað í 10 ár eða skemur og séu starfandi þegar athugunin var gerð.

Aukningin á þessum tæplega tíu árum liggur aðallega í mikilli fjölgun frumkvöðlafyrirtækja í hvers kyns matvælaframleiðslu, bæti- og heilsuefnum, hugbúnaði ofl. Fjölbreytni í hópi þessara frumkvöðlafyrirtækja hefur aukist umtalsvert og aukningin á þessum tæpu tíu árum liggur m.a. í fyrirtækjum sem sinna rekjanleika og öryggi matvæla, framleiða fæðubótarefni og snyrtivörur, þróa hvers kyns hugbúnað og gervigreind og umhverfistækni, eða stunda eldi, þörungarækt o.fl.

Efling rannsókna

Tækifærin í bláa hagkerfinu eru mörg í líftækni tengdri hafinu. Þau fyrirtæki, sem skarað hafa framúr á þessu sviði, eru þegar búin að slíta barnsskónum og markaðsvirði þeirra skiptir tugum milljarða. Flest þessara fyrirtækja eiga uppruna sinn í innlendum háskólum og rannsóknarstofnunum. Gott er að hafa það í huga við stefnumótun nýsköpunarstarfs hérlendis.

Það veldur nokkrum vonbrigðum að ekki verði fleiri

fyrirtæki til á sviði sjávarlíftækni á Íslandi. Vöxtur í greininni ræðst að miklu leyti af því hvernig tekst til að fjármagna rannsóknir, þróunarstarf og nýsköpunarfyrirtækin. Matís og Háskóli Íslands eru í fararbroddi í rannsóknum á þessu sviði. Hér kunna einnig að vera tækifæri í þörungavinnslu og lífverum undirdjúpanna þar sem kunna að leynast efni sem nýtast í lyf fram tíðarinnar. Skoða þarf hvernig megi efla frumkvöðlakennslu í háskólunum til að fleiri nemendur sem tengjast líftækni, efnafræði og fleiri greinum séu hvattir til að koma eigin nýsköpunarhugmyndum í framkvæmd.

Mikil gróska hefur verið í þara og þangi og hafa nokkur fyrirtæki verið sett á laggirnar á þessu sviði á undanförunum árum. Fimmtán fyrirtæki á Íslandi koma nú þegar að nýtingu þara á einhvern hátt en mörg þeirra hafa verið starfrækt um langt skeið. Í samanburði við mörg önnur ríki verður það að teljast afar gott. Þrátt fyrir þennan stóra hóp hefur velta margra þessara fyrirtækja lítið breyst síðustu ár en mikil þróunarvinna og þekkingaröflun hefur átt sér stað. Með því að auka fjárfestingar og rannsóknarstyrki á þessu sviði getur Ísland skapað sér sess á meðal forystuþjóða í fullnýtingu þara.

Fyrirtækjum fjölgar mishratt í ólíkum tæknigreinum. Athygli vekur að fá ný tæknifyrirtæki í fiskvinnslutækni hafa komið fram á sjónarsviðið. Svo virðist sem að með

stærri og öflugri tæknifyrirtækjum, sem starfrækt eru hérlendis, hafi átt sér stað viss mettnun á þessu sviði.

Sameinaðar og stærri einingar hafa eflst og bjóða áhugaverð störf. Það er helst í sérhæfðari tækni, svo sem í gervigreind, rekjanleika- og umhverfistækni og skipatækni sem áhugaverð nýsköpunarfyrirtæki hafa komið fram á sjónarsviðið. Fróðlegt verður að fylgjast áfram með vexti þessara fyrirtækja.

Matvælanýsköpun

Sjaldan eða aldrei í lýðveldissögunni hafa komið fram jafn mörg ný matvælafyrirtæki eins og undanfarin ár. Mikil nýsköpun er í framleiðslu matvæla og nýverið sýndi sá fjöldi umsókna í nýjan Matvælasjóð hversu kraftmikil nýsköpunarstarfsemi í matvælum er á Íslandi. Mörg þessara fyrirtækja hafa nýtt bæði innlendar landbúnaðar- og sjávarafurðir í vörulínu sína. Þá hafa mörg fyrirtæki horft fyrst og fremst til haftengdra afurða og má í því sambandi nefna fyrirtæki sem framleiða salt, þurrkuð matvæli og snyrtivörur úr haftengdum efnum svo fátt eitt sé nefnt.

Vafalaust eru ólíkar ástæður fyrir þeirri fjölgun sem orðið hefur á nýsköpunarfyrirtækjum í bláa hagkerfinu. Fyrst má nefna aukna fjárveitingu í opinbera samkeppnisstyrki. Í því sambandi má nefna Tækniþróunarsjóð og áðurnefndan Matvælasjóð, en báðir þessi sjóðir geta ráðið miklu um hversu kraftmikil nýsköpunarstarfsemi tengd hafinu verður á komandi árum. Aðrir þættir gegna einnig mikilvægu hlutverki. Viðskiptahraðlar Icelandic Startups hafa haft mjög mikið að segja um þann áhuga sem hefur vaknað á allri „startup“ senunni á Íslandi og skapað grundvöll fyrir mörg fyrirtæki til að taka sín fyrstu skref.

Viðskiptahraðallinn „Til sjávar og sveita“ sem Icelandic startups og Sjávarklasin stofnuðu hefur skipt sköpum við að hlúa að nýsköpunarfyrirtækjum á sviði landbúnaðar og sjávarútvegs. Samstarf við Matarauð Íslands, Landbúnaðarklasann og nú síðast verslanir Nettó, hefur verið mikilvægt fyrir þann árangur sem náðst hefur í hraðlinum. Að öllum öðrum ólöstuðum hefur forysta Salóme Guðmundsdóttur, fyrrum framkvæmdastjóra Icelandic startups í verkefninu verið gríðarlega þýðingarmikil. Þá má nefna að háskólar og rannsóknastofnanir eins og Matís hafa sinnt

frumkvöðlum mun meira en áður. Loks hefur tilkoma Sjávarklasans vonandi aukið umræðu um nýsköpun í sjávarútvegi og skapað betri vettvang fyrir frumkvöðlafyrirtæki í bláa hagkerfinu.

Tækifærin

Að mati viðmælenda hefur róbótavæðingin og gervigreind henni tengd verið ein helsta ástæða þeirrar sterku stöðu sem íslensku tæknifyrirtækin hafa náð í starfsemi sinni. Þó er bent á að enn sé töluvert í að tæknifyrirtækin tengi allt sitt starf við róbótavæðingu – enn sé róbótaþróun deildaskipt í fyrirtækjunum en ekki orðin partur af allri fyrirtækjastarfseminni.

Á Íslandi eru nú starfrækt fyrirtæki á heimsvísu í tækni tengdri fiskvinnslu, kælingu og veiðarfærum. Þá eiga Íslendingar einnig leiðandi fyrirtæki í fiskprótínunum og fisklíftækni. Það er ótrúlegt að jafn lítil þjóð hafi náð jafn miklum árangri á jafn fjölbreyttum sviðum bláa hagkerfisins. Þessi fyrirtæki hafa flest notið góðs af samstarfi við útgerðir, háskóla, stofnanir á borð við Matís og rannsóknasjóði. Treysta þarf rannsóknir í greininni og frumkvöðlamenntun og efla enn frekar viðskiptahraðla þar sem frumkvöðlar stíga sín fyrstu spor. Fjárfestar hafa einnig sýnt frumkvöðlafyrirtækjum í bláa hagkerfinu meiri áhuga. Mestu ræður þar án efa einstakur árangur nokkurra frumkvöðlafyrirtækja sem rutt hafa brautir í þessum efnunum. Hér má nefna Kerecis, Ensímtækni, Controlant og Arctic Fish svo einhver séu nefnd. Þekking fjárfesta hefur einnig eflst umtalsvert og komið hafa fram sérfræðingar og sjóðir sem hafa sinnt ráðgjöf við fjárfesta í verkefnum sem lúta að frumkvöðlafyrirtækjum.

Það er ljóst að við eigum enn mikið inni. Síðustu ár eru ágætur vitnisburður um að ef rekstrarumhverfi frumkvöðlafyrirtækja er gott og jákvæðni og skilningur ríkir gagnvart starfsemi þeirra þá mun þeim áfram fjölga og þau sem fyrir eru eflast.

Fyrir frekari upplýsingar, vinsamlegast hafið samband við Þór Sigfússon í síma 6186200 eða Bertu Daníelsdóttir í síma 6986200.